

Stofnanasamningur milli Einingar - Iðju og Menntaskólans á Akureyri um forsendur röðunar starfa við stofnunina.

Samkomulag þetta byggir á kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
annars vegar og SGS hins vegar, dags. 07. október 2015

1 Gildissvið

Stofnanasamningur þessi nær til allra starfsmanna hjá Menntaskólanum á Akureyri sem starfa og njóta ráðningarkjara samkvæmt kjarasamningi SGS, sbr. grein 11.1 í kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs annars vegar og SGS hins vegar, dags. 7. október 2015

2 Forsendur röðunar

Við ákvörðun um röðun starfa til launa skal taka tillit til staðsetningar starfs í skipuriti, eðlis starfsins, ábyrgðar og umfangs og miða við að um sé að ræða viðvarandi /stöðugt verksvið. Taka skal tillit til faglegrar, stjórnunarlegrar og/eða fjárhagslegrar umsjónar og álags og hvaða kröfur starfið gerir til faglegrar/fræðilegrar hæfni/færni starfsmanns. Röðun skal byggð á hlutlægum mælikvörðum eftir því sem unnt er.

Röðun starfa/starfsmanna í launaramma og launaflokka er á grundvelli:

1. Reglna um röðun eins og þær eru skilgreindar í samningi þessum, og um þætti er ráða grunnröðun starfa um persónubundna þætti.
2. Breytinga og viðbóta sem kunna að verða ákveðnar í samstarfsnefnd.

Gæta skal samræmis þegar störfum/starfsmönnum á mismunandi einingum Menntaskólans á Akureyri er raðað. Ákvörðun, sem tekin er um hvaða þættir hafa áhrif á laun og með hvaða hætti skal skoðast sem fordæmi gagnvart öðrum starfsmönnum, svo tryggt verði að þeir njóti jafnræðis.

Gerð starfslýsinga og ákvörðun um niðurröðun verkefna er í höndum stofnunarinnar. Röðunarreglur þessar fela ekki í sér breytingar á núverandi störfum eða starfslýsingum starfsmanna.

3 Starfaflokkun til launa og grunnröðun:

Grunnröðun

Starfsmaður við dagræstingu.. .. .	lfl. 10
Matráður.....	lfl. 13

Við nánari ákvörðun um röðun starfa innan þess svigrúms sem um er að ræða skal taka tillit til staðsetningar starfs í skipuriti, eðlis starfsins, ábyrgðar og umfangs og miða við að um sé að ræða viðvarandi /stöðugt verksvið, sbr. 2. kafli hér að framan um forsendur röðunar.

Vegna breytinga á starfsemi Menntaskólans á Akureyri geta orðið til ný störf sem ekki falla að starfaflokkun þessari og þarf þá að raða sérstaklega.

Til viðbótar við grunnröðun skal taka mið af persónubundnum þáttum í starfi, sbr. nánar gr. 5 hér á eftir.

4 Annað sem áhrif getur haft á röðun starfa til launa

Heimilt er að meta til viðbótar við röðun starfsheita samkvæmt fylgiskjali 1 eftirfarandi þætti, enda hafi ekki verið tekið tillit til þeirra í grunnröðun.

- Starfið feli í sér sérstaka ábyrgð, eða vandasöm verkefni, sem krefjast sérstakrar hæfni umfram það sem almennt gerist 0-1

Ennfremur er heimilt að taka mið að öðrum þáttum í starfi sem skipta máli fyrir deild/stofnun.

5 Mat á þáttum er varða starfsmann

Starfsm. sem uppfyllir eftirf. þætti skal fá þá metna til allt að:.....9 lfl.

Vægi einstakra þátta:

Endur- og símenntun umfram grunnkröfur starfs allt að 3 lfl.

Eftir 40 kl.st. námskeið komi 1 lfl.
Eftir 80 kl.st. námskeið komi 1 lfl.
Eftir 170 kl.st. námskeið komi 1 lfl.

Starfsreynsla..... 6 lfl.

Eftir eitt ár í starfi komi 1 lfl.
Eftir 3 ár í starfi komi 1 lfl.
Eftir 5 ár í starfi komi 1 lfl.
Eftir 8 ár í starfi komi 1 lfl.
Eftir 10 ár í starfi komi 1 lfl.
Eftir 15 ár í starfi komi 1 lfl.

Samstarfsnefnd setur nánari reglur um mat á viðbótarmenntun og skilyrði fyrir launahækkunum vegna viðbótarmenntunar.

6 Réttur til endurmats á röðun starfs

Telji starfsmaður að honum sé ekki rétt raðað miðað við fyrirliggjandi forsendur á hann rétt á að fá röðun sína endurmetna. Ágreiningsmálum skal skotið til samstarfsnefndar, sbr. gr. 11.6.1

7 Endurskoðun


Endurskoða skal samninginn samkvæmt 11. kafla kjarasamnings SGS og fjármálaráðherra. Einnig er heimilt að taka til endurskoðunar einstök ákvæði samningsins hvenær sem er, ef aðilar eru sammála um það.

8. Gildistími

Samningurinn gildir frá 1. ágúst 2016.

Akureyri 29 apríl 2016

f.h. Menntaskólans á Akureyri



f.h. Einingar - Iðju

